

Alþingi
Erindi nr. P 141/1981
komudagur 19.3.2013

Alþingi
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari

Reykjavík, 19. mars 2013
2013030033

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir á auðlindum í jörðu (samræming reglna um vatnsréttindi), á 141. löggjafarþingi, þskj. 1110 - 634. mál

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. fimmtudaginn 14. mars. Frestur til að skila umsögn var gefinn til þriðjudagsins 19. mars. Hagsmunaaðilum er þannig gefinn tveggja virkra daga frestur til þess að skoða og greina frumvarpið og skrifa um það umsögn. Frumvarp sem varðar stjórnarskrárvarinn eignarrétt landeigenda! Bændasamtök Íslands gera alvarlega athugasemd við þessi vinnubrögð Alþingis, sem eru því síður en svo til framdráttar. Það er algjörlega ótækt að þingmál sem varða eignarréttindi manna eigi að keyra í gegnum þingið á síðustu dögum þess.

Það er ástæða til þess að gera alvarlegar athugasemdir við frumvarpið sem slíkt. Athugasemdir með frumvarpinu bera allar þess merki að um sé að ræða einhvers konar samræmingarmál. Hér er hins vegar ekki á ferðinni neitt samræmingarmál. Það er þvert á móti þannig að um er að ræða grundvallarbreytingu á eignarréttarlegri stöðu grunnvatns. Erfitt er að sjá hvers vegna þetta stendur til nú á þessum síðustu dögum þingsins og kjörtímabilsins og hvers vegna athugasemdir með frumvarpinu eru jafn villandi og raun ber vitni um. Þá er í raun óskiljanlegt hvers vegna höfundar frumvarpsins, hverjir sem það eru, sjá ekki ástæðu til þess að minnst á eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar í þessu samhengi, því ráðgert er að afnema beinan eignarrétt landeigenda að grunnvatni.

Bændasamtök Íslands leggjast alfarið gegn því að þetta frumvarp nái fram að ganga og ítreka gagnrýni sína á stuttan umsagnarfrest og villandi lögskýringargögn.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.